Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2540
komudagur 26.5.2010

**Byggðastofnun**
**Þróunarsvið**

Dagsetning
*25.05. 2010*

Iðnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Iðnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um tillögu til þingsályktunar um úttekt á virkjunarkostum fyrir álframleiðslu, mál 91.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti.

Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að *"Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði - 2. áfangi"* (mars 2010). Niðurstöðum faghópa út frá mismunandi forsendum hefur verið skilað til verkefnisstjórnar rammaáætlunar og er unnið að endanlegri röðun á hennar vegum. Rammaáætlun tekur í sjálfu sér ekki afstöðu til hvaða starfsemi raforka verður notuð, heldur er litið svo á að það muni byggja á samningum milli orkuframleiðenda og orkukaupenda. Hvort það verða álframleiðendur eða einhverjir aðrir mun því koma í ljós í slíkri samningagerð og þá væntanlega ráðast af því hvaða kostir teljast hagkvæmastir og eru ásættanlegir út frá umhverfissjónarmiðum og áhrifum á aðra starfsemi í landinu.

Virðingarfyllst

Guðmundur Guðmundsson
*Sérfræðingur á þróunarsviði Byggðastofnunar*

**Heimilisfang** Ártorgi 1 **Sími** 455 5400 **Bréfsími** 455 5499 **Netfang** gg@byggdastofnun.is **Heimasíða** http://www.byggdastofnun.is
550 Sauðárkróki